

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1666**2021/EES/28/05**

frá 10. nóvember 2020

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að bæta nýrri tegund EB-áburðar við í I. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framleiðandi kalsíumklósambands af imínódírafsýru (Ca-IDHA) sendi framkvæmdastjórninni beiðni, fyrir milligöngu yfirvalda í Póllandi, um að bæta kalsíumklósambandi af imínódírafsýru við sem nýrri færslu í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Kalsíumklósamband af imínódírafsýru var þróað til að bregðast við beiðnum frá garðyrkjugeiranum um að þróa staðgöngukosti fyrir fyrirliggjandi kalsíumgjafa sem geta, við tiltekin notkunarskilyrði, leitt til skemmda eftir notkun á laufblöð.
- 2) Kalsíumklósamband af imínódírafsýru uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003. Því ætti að færa efnið inn í skrána yfir EB-áburðartegundir í I. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 4) Ráðstöfunin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Í töflu D í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er eftirfarandi línu 2.3 bætt við:

„2.3	Kalsíumklósamband af imínódírafsýru	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur kalsíumklósamband af imínódírafsýru sem undirstöðuefni, án íblöndunar lífrænna næringarefna úr dýra- eða jurtaríkinu	9% CaO Kalsíum, gefið upp sem CaO, klóbundið með imínódírafsýru (IDHA), vatnsleysanlegt.		Kalsíum, gefið upp sem CaO, klóbundið með imínódírafsýru (IDHA), vatnsleysanlegt.“
------	-------------------------------------	--	---	--	--